

250. fundur

Þriðjudaginn 12. júní 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 249. fundar og dagskrá.

Fundargerð 249. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – júní 2012.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. júní sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda. Þar kemur fram að liðurinn hækkaði frá því í mars sl. um kr. 106.668.- sem stafar af 3,4% meðalhækkun á stofni. Grundvöllurinn hefur því hækkað um liðlega 8,3% frá 1. júní 2011 og er heildarkostnaður alls kr. 33.797.373.- Með verðlagsgrundvelli fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

3. Verðtilfærsla.

Pálmi lagði fram yfirlit yfir stöðu verðtilfærslu í júní 2012. Ákveðið var að minka verðtilfærslu fyrir skyr (gamaldags skyr) um 25,60 kr./kg. Að teknu tilliti til þess er verðtilfærsla á ársgrunni því kr. 197.683.395.- samkvæmt útreikningnum.

4. Verðlagning.

Að vanda voru forsendur verðlagningar settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 8,31% hækkun frá 1. júní 2011, en vinnslu- og dreifingarkostnaður hafði hækkað um 6,58%.

„Sameiginleg ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. júlí n.k. um 4%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 2,80 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 77,63 kr. í 80,43 kr., eða um 3,6%. Þá hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um tæp 4,4%.“

5. Önnur mál.

Varðandi afkomu mjólkuriðnaðarins sem rædd var á síðasta fundi, var ræddur sá möguleiki að fá Einar Hafliða Einarsson, löggiltan endurskoðenda, til að yfirfara og samræma uppgjör þeirra samlaga sem starfa í greininni í þeim tilgangi að fá sem gleggsta mynd af rekstrinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir